

Fréttapistill frá forseta Íslands

17. ágúst 2020

Í nýliðinni viku var hert enn frekar á vörnum gegn farsóttinni sem enn geisar hér á landi og víða um heim. Ég hvet fólk til þess að kynna sér leiðbeiningar og tilmæli stjórnvalda sem sjá má á síðunni www.covid.is. Þessar varnir eru í almannabágu. Þær hafa verið í sífelldri endurskoðun og svo verður áfram. Því betur sem farið er eftir þeim, því minni eru líkurnar á að fólk smitist af kórónuveirunni skæðu eða smiti aðra.

Starfsemi forsetaembættisins er áfram skert vegna hinna nauðsynlegu varúðarráðstafana. Enn reynist nauðsynlegt að fresta mannamótum eða fella þau niður. Einatt hefur verið unnið vel og lengi að þeim viðburðum þannig að það er að sjálfsögðu ekki sársaukalaust þegar mál þróast á þann veg sem raun ber vitni. Nú eru yfir 100 manns í einangrun og yfir 500 í sóttkví. Ég sendi öllu þessu fólki hlýjar kveðjur og sömuleiðis þeim sem hafa orðið fyrir búsigjum vegna sameiginlegra varna okkar.

Á þriðjudaginn var tók ég á móti fulltrúum Geimvísinda- og tækniskrifstofu Íslands og eldflaugafyrirtækisins Skyrora. Liðsmenn Skyrora hafa verið hér á landi til að skjóta upp eldflaug frá Langanesi og heppnaðist það með ágætum í gær. Ég óska þeim, sem að því stóðu, til hamingju með árangurinn. Undanfarin ár og áratugi hafa ýmiss konar rannsóknir verið unnar hér á landi í þágu geimferða og geimskota og væntanlega verður framhald á því. Á fundi mínum með fulltrúum Geimvísinda- og tækniskrifstofunnar og Skyrora var rætt um ýmsa möguleika í þeim efnum.

Síðastliðinn fimmtudag heimsótti ég sjálfboðaliða og gesti Sumarsamveru í Mjóddinni í Reykjavík. Sumarsamvera er verkefni sem stofnað var til að frumkvæði Pepp Ísland, samtaka fólks í fátækt, með stuðningi Reykjavíkurborgar. Sumarsamveran er í húsnæði Hjálpræðishersins í Mjódd að Álfabakka 12 og er opið þar alla virka daga á milli kl 11:00 og 15:00. Á staðnum er boðið upp á kaffi og meðlæti og verður opið fram að næstu helgi. Þarna hefur verið unnið mikilvægt og markvert starf.

Sama dag hitti ég að máli Einar Hermannsson, nýjan formann SÁÁ, Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann. Við ræddum um starf samtakanna og framtíðarhorfur, meðal annars nauðsyn þess að vinna gegn spilafíkn og hjálpa þeim sem glíma við hana í stað þess að spilafíklar séu hafðir að fépúfu.